

# GJALDSKRÁ

## Bláskógaveitu (hitaveitu), Bláskógabyggð

### 1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Bláskógaveitu frá og með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Öll verð í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts.

### 2. gr.

Afnotagjöld af heitavatninu eru sem segir:

#### Daggjald/mælagjald/hemlagjald

Stærð mælis/hemils	DN 15 mm	44,8 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 20 mm	45,9 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 25 mm	69,6 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 32 mm	72 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 40 mm	119,4 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 50 mm	179,8 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 65 mm	220,7 kr./dag
Stærð mælis/hemils	DN 80 mm	257,5 kr./dag

#### Heitt vatn um rennismæli, Biskupstungum

H1A. Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	127,6 kr./m <sup>3</sup>
H3A. Garðyrkja / Hitaveitan Brúin	32 kr./m <sup>3</sup>
V4A. Verslun, þjónusta, iðnaður og opinb. byggingar	95,6 kr./m <sup>3</sup>

#### Heitt vatn um hemil, Biskupstungum.

L1. Garðyrkja	14 kr./mínútulítra á dag
L2. Íbúðarhús/sumarhús	113 kr./mínútulítra á dag
L3. Verslun, iðnaður og opinb. bygginga	47,5 kr./mínútulítra á dag
H1D. Hemlagjald	96,7 kr./mínútulítra á dag

#### Heitt vatn um rennismæli, Laugardal.

H1L. Almenn notkun, íbúðarhús/sumarhús	127,6 kr./m <sup>3</sup>
H3L. Garðyrkja	32 kr./m <sup>3</sup>
V4L. Verslun, iðnaður og opinb. byggingar	95,6 kr./m <sup>3</sup>

Heitt vatn um hemil, Laugardal.

H2. Íbúðarhús/sumarhús	113 kr./mínútulítra á dag
H4. Mýrarhúsaskógur	113 kr./mínútulítra á dag

### 3. gr.

Heimæðargjöld Bláskógaveitu eru sem hér segir:

Íbúðarhús að 450 m <sup>3</sup>	461.128 kr., umfram m <sup>3</sup>	345 kr.
Opinberar byggingar og iðnaðarhús að 450 m <sup>3</sup>	461.128 kr., umfram m <sup>3</sup>	98 kr.
Gróðurhús og stórnotendur.	7.786 kr. mínútulíterinn lágmark	61 m/l
Sumarhús	781.597 kr. fast gjald	

### 4. gr.

Tengigjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við byggingarvísitölu. Grunnvísitala (Grunnur 2010) októbermánaðar 2022, 175,1 stig. Bláskógaveitu er heimilt að breyta tengigjöldum í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu.

### 5. gr.

Lágmarksnotkun fyrir sumarhús er 642 rúmmetrar á ári, óháð notkun, og skal greiða fyrir þá notkun samkvæmt gjaldskrá. Fari ársnotkun sumarhúss fram yfir 642 rúmmetra á ári, þá skal greiða fyrir hvern umframrúmmetra skv. gjaldskrá ásamt lágmarksnotkunargjaldi.

6. gr.

Ein mælagrind er innifalin í hverju heimæðargjaldi. Fyrir hverja auka mælagrind greiðast 50.000 kr.

7. gr.

Lágmarksstilling á hemli verður 3 l/m.

8. gr.

Bláskógaveita hefur rétt til að loka fyrir afhendingu á heitu vatni til húsveitu viðskiptamanns sem vanrækt hefur að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 16.000 kr.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af framkvæmda- og veitustjórn Bláskógabyggðar þann 21. nóvember 2022 og staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 9. desember 2022, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 121/2022.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 19. janúar 2023.*

F. h. r.

**Sigríður Svana Helgadóttir.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*